SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2023, miðvikudaginn 28. nóvember var haldinn 418. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:11.
Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Valdimar Birgisson varamaður fyrir Sævar Birgisson Mosfellsbæ.
Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs frá 14. nóvember 2023 þar sem fram kemur að Andri Steinn Hilmarsson hafi verið kosinn aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæðanna og Hjördís Ýr Johnson verði varamaður.
https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/3696

2. Lögð fram beiðni Kristjönu Jónsdóttur um styrk vegna útgáfu bókar um sögu Bláfjalla. Erindið hlýtur ekki stuðning.

3. Lagt fram bréf SSH dags. 15. nóvember 2023 þar sem vísað er til umsagnar erindi Skíðasambands Íslands um aðstöðu til æfinga og keppni Skálafelli.
Vísað til sviðsstjóra og forstöðumanns til kostnaðargreiningar.

4. Rætt um bókun SSH á fundi 16. október 2023 um Skálafell.

5. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags 15. nóvember 2023 um stöðuna í fjöllunum. Stefnt er á opnun Bláfjalla um miðjan desember.

Fundi slitið kl. 09:30

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen
Valdimar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson

Bjarni Theódór Bjarnason
Andri Steinn Hilmarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026